


ÚTFLUTNINGUR HUGBÚNAÐAR 2002

Frá árinu 1990 hefur Seðlabanki Íslands aflað upplýsinga frá fyrirtækjum á Íslandi vegna útflutnings þeirra á hugbúnaði og tölvuþjónustu. Upplýsingarnar eru notaðar við uppgjör greiðslujafnaðar við útlönd sem hluti af útfluttri þjónustu ásamt því að vera sjálfstæð heimild um stærð og þróun útflutnings íslenskra hugbúnaðarverka.

Í lok febrúar var send fyrirspurn til 140 fyrirtækja. Þar af voru 121 fyrirtæki eða 86% sem falla undir atvinnugreinina hugbúnaðargerð og ráðgjöf¹ en 19 eða 14% sem falla undir aðrar atvinnugreinar. Svör fengust frá 135 fyrirtækjum eða 96,4% fyrirtækjanna. Af þeim 135 fyrirtækjum sem svöruðu höfðu 92 fyrirtæki tekjur vegna útflutnings hugbúnaðar og tölvuþjónustu árið 2002.

Útflutningur

Útflutningur hugbúnaðar nam 3.625 milljónum króna árið 2002 og jókst um rúman 1 milljarð króna á föstu gengi² frá fyrra ári eða um 39%. Vegna leiðréttinga veigamikils aðila í hugbúnaðargerð á útflutningstekjum sínum reyndist nauðsynlegt að leiðrétta heildarútflutningstölur ársins 2001. Afleiðing þess er að heildarútflutningstekjur ársins 2001 vegna hugbúnaðarútflutnings lækka úr 3.250 milljónum króna í 2.687 milljónir króna á meðalgengi ársins 2001. Í stað aukningar á útflutningnum upp á 12,3% milli árána 2000 og 2001 eins og áður hafði verið greint frá varð lækkun á útflutningstekjum upp á 7,1%. Mynd 1 sýnir útflutning hugbúnaðar og tölvuþjónustu árin 1990-2002 og hlutfall hans af heildarútflutningi vöru og þjónustu sömu ár. Þar sést að útflutningur hugbúnaðar hefur aukist úr 33 milljónum króna árið 1990 í 3.625 milljónir króna árið 2002 mælt á meðalgengi þess árs. Hlutfall af heildarútflutningi vöru og þjónustu hefur hækkað úr 0,02% árið 1990 í tæp 1,2% árið 2002.




¹ Atvinnugreinanúmer 72.10.0-72.60.0 Tölvur og tölvuþjónusta og 71.33.0 Leiga á skrifstofuvélum og tölvum samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT95.

² Reiknað á fast gengi miðað við meðalgengisvísitölu krónunnar.

Tæp 84% af útflutningnum eða rúmir 3 milljarðar króna var sala á hugbúnaði, stöðluðum og sérhönnuðum. Rúm 10% var ráðgjöf, gagnavinnsla o.þ.h. Tekjur vegna höfundarréttar eða hugbúnaðarleyfa námu síðan rúmum 5% af útflutningstekjunum. Af útflutningi hugbúnaðar nam sérhannaður hugbúnaður 44% en staðlaður hugbúnaður 56%. Þetta er talsverð breyting frá fyrra ári þegar hlutur sérhannaðs hugbúnaðar var 66% og staðlaðs 34% af útflutningi hugbúnaðar. Hlutur staðlaðs hugbúnaðar fer því vaxandi í útflutningnum. Nokkur munur virðist á útflutningssvæðum hugbúnaðar eftir eðli hans. Stærsta útflutningssvæði sérhannaðs hugbúnaðar eru ríki Evrópusambandsins, en stærsta markaðssvæði staðlaðs hugbúnaðar er Norður-Ameríka.

Nokkur umskipti hafa orðið á markaðssvæðum útflutts hugbúnaðar og tölvuþjónustu síðustu ár. Allt þar til 2001 var Norður-Ameríka stærsta markaðssvæðið. Árið 1992 fóru 72% útflutningsins til Norður-Ameríku. Árið 2001 var þetta hlutfall orðið 29% og Evrópa orðið stærsta markaðssvæðið með 61% af útflutningnum. Hlutur Evrópu jókst enn frekar í fyrra en þá var rúmlega 64% útflutnings hugbúnaðar og tölvuþjónustu til Evrópu. Á milli áruna 2001 og 2002 jókst útflutningur til Evrópu um 740 milljónir króna að raungildi² meðan útflutningur til N-Ameríku jókst um 277 milljónir króna. Stærsti hluti útflutningsins til Evrópu var til Evrópusambandsins og markaðshlutdeild þess ein og sér var 55%. Mynd 2 sýnir skiptingu útflutningsins eftir markaðssvæðum.



Af fyrirtækjum í könnuninni náðu 12 fyrirtæki að flytja út hugbúnað fyrir meira en 100 milljónir á síðasta ári. Þessi 12 fyrirtæki fluttu út 62% alls hugbúnaðar og tölvuþjónustu. Flest fyrirtækin, eða 58, voru þó með útflutningstekjur undir 20 milljónum. Stórum útflytjendum hefur fjölgað því í sambærilegri könnun árið 2001 voru 7 fyrirtæki sem fluttu út fyrir 100 milljónir eða meira og fluttu þau út 52% alls hugbúnaðar og tölvuþjónustu það ár.